

---

# Útdráttur

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur mynduðu stýrihóp um einelti. Hópurinn tók til starfa í október 1999 og lýkur störfum í nóvember 2000. Myndun hópsins byggir á fræðsluefni sem unnið var af Vöndu Sigurgeirsdóttur, tómstundaráðgjafa og könnun um einelti sem RUM framkvæmdi fyrir ÍTR og FMR í september 1999.

Netfang stýrihópsins er [geina@ismennt.is](mailto:geina@ismennt.is). Stýrihópurinn lét hanna merki *Gegn einelti*. Merkið má nýta með margvíslegum hætti.

Að frumkvæði stýrihóps tók Æskan að sér að gefa út handbókina *Tackling Bullying in Your School* í íslenskri þýðingu Ingibjargar Markúsdóttur, sálfræðings. Bókin kemur út haustið 2000.

Í eftirfarandi umfjöllun eru skýrslur tómstundaráðgjafa ÍTR sem fóru með *eineltisfræðslu* í 8. bekki í alls 20 af 24 grunnskólum Reykjavíkur sem hafa unglिंगadeildir. Einnig er samantekt um *eineltisáætlanir* í grunnskólum Reykjavíkur. Fylgiskjöl eru m.a. bréf frá stýrihópnum.

*Markmið* stýrihópsins er að sameina hugmyndir, frumkvæði, kraft og þekkingu til að draga úr einelti í grunnskólum Reykjavíkur og í félagsmiðstöðvum ÍTR. Aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni er höfð að leiðarljósi.

*Verkefni* stýrihópsins *Gegn einelti* er meðal annars að safna saman leiðbeinandi efni og upplýsingum um einelti sem nýtist starfsfólki í grunnskólum og félagsmiðstöðvum unglinga til að vinna gegn einelti.

*Helstu niðurstöður* stýrihópsins eru að fræðsla tómstundaráðgjafa ÍTR um einelti í grunnskólunum skili verulegum árangri og slík fræðsla eigi að vera áfram í grunnskólum. Einnig að þess konar fræðsla þurfi að byrja fyrr í grunnskólanum, jafnvel frá 8 ára aldri. Ríka áherslu þarf að leggja á að allir grunnskólar hafi virka eineltisáætlun sem starfsfólk og foreldrar þekki og vinni eftir. Nauðsynlegt er að viðhalda námsefnisgerð og handhægu efni um einelti fyrir starfsmenn sem vinna með börnum og unglिंगum.

*Framtíðarsýn* stýrihópsins er sú að íslenskt skólasamfélag geti mótað viðhorf nemenda sinna í andstöðu gegn einelti.

*Lokaorð* stýrihóps eru að starfsmenn sem vinna með börnum og unglिंगum nýti upplýsingar um einelti og haldi uppi stöðugri fræðslu fyrir nemendur og foreldra gegn því.

Stýrihópur FMR og ÍTR um einelti

Guðrún Þórsdóttir  
Ingibjörg Markúsdóttir  
Anna Lilja Sigurðardóttir  
Sigþrúður Arnardóttir

Jakob Frímann Þorsteinsson  
Soffía Pálsdóttir  
Ragnheiður Stefánsdóttir  
Helga Kristín Friðjónsdóttir  
Ingibjörg Valgeirsdóttir  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir  
Ragnar Harðarson

# Inngangur

Í tengslum við verkefnið Forvarnir gegn einelti var í október 1999 stofnaður stýrihópurinn Gegn einelti. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur mynda þennan stýrihóp. Árið 1999 gaf Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur í samstarfi við Æskuna út fræðsluefni um einelti fyrir tómstundaráðgjafa. Fræðsluefnið var unnið af Vöndu Sigurgeirsdóttur, tómstundaráðgjafa.

Starfstími stýrihópsins var afmarkaður frá október 1999 til nóvember 2000. Á þeim tíma leggur stýrihópur mat á þau verkefni sem hann hefur staðið fyrir. Einnig leggur hann fram tillögur um áframhald vinnu gegn einelti í grunnskólum Reykjavíkur og í félagsmiðstöðvum ÍTR.

Á vorönn 2000 skiluðu tómstundaráðgjafar skýrslum um fræðslu um einelti sem þeir fóru með í 20 grunnskóla í Reykjavík af þeim 24 sem hafa 8. bekk. Niðurstöður þeirra koma fram í þessari skýrslu. En niðurstöður fyrir hvern skóla verða afhentar persónulega til hvers skóla fyrir sig. Fræðslan í skólunum byggðist á þátttöku nemenda, umræðum og könnun. Í könnuninni er meðal annars spurt hvort viðkomandi hafi verið lagður/lögð í einelti. Þær niðurstöður voru ræddar í lok tímans. Nokkrum vikum síðar var könnunin endurtekin til að kanna árangur fræðslunnar.

Í mars 2000 sendi stýrihópurinn öllum grunnskólum Reykjavíkur leiðbeiningar til að auðvelda þeim að gera sínar eineltisáætlanir. Sýnishorn af góðri vinnu frá einum skóla voru send skólunum til viðmiðunar. Vorið 2000 var upplýsingum safnað frá grunnskólunum um eineltisáætlanir þeirra og/eða drög að reglum í eineltismálum. Þær upplýsingar verða nýttar til að miðla hugmyndum áfram milli skóla.

Stýrihópurinn hélt fræðslufund fyrir námsráðgjafa grunnskólanna í Reykjavík. Þar var námsefni Vöndu Sigurgeirsdóttur kynnt, fræðslustarf tómstundaráðgjafanna kynnt og tilgangur og markmið stýrihóps útskýrður.

Netfang stýrihópsins er [geina@ismennt.is](mailto:geina@ismennt.is). Póstlistinn hefur nýst afar vel til samráðs og undirbúnings milli funda og mun hann nýtast áfram fyrir væntanlegan vinnuhóp. En stýrihópur leggur til að myndaður verði vinnuhópur við starfslok stýrihóps og muni hann fylgja eftir vinnu um einelti í grunnskólum og félagsmiðstöðvum unglunga.

Stýrihópurinn lét hanna merki *Gegn einelti*. Merkið má nýta með margvíslegum hætti í framtíðinni svo sem á plaköt, reglustikur, skólaáhöld, töskur, boli og fleira.

Að frumkvæði stýrihóps tók Æskan að sér að gefa út kennarahandbókina *Tackling Bullying in Your School* í íslenskri þýðingu Ingibjargar Markúsdóttur, sálfræðings. Bókin kemur út haustið 2000. Bókin er grunnbók fyrir kennara.

Stýrihópur sendi skorarstjórn grunnskólaskorar í Kennaraháskóla Íslands hvatningarbref og upplýsingagögn um einelti og óskaði sérstaklega eftir því að í nýrri skipan náms í grunnskólaskor Kennaraháskólans verði aukið fræðsla og

Þjálfun kennaranema til að takast á við einelti. Skorarstjórn þakkaði fyrir og kvaðst myndi dreifa hvatningu og upplýsingum frá stýrihópnum til hlutaðeigandi kennara í skorinni.

Föstudaginn 24. mars 2000 birti Morgunblaðið í opnu umfjöllun að frumkvæði stýrihóps um verkefnið Gegn einelti ásamt viðtali við stýrihóp.

Stýrihópur hélt upplýsingafund með fulltrúum frá menntamálaráðuneyti þar sem fram kom að menntamálaráðuneytið óskaði eftir samstarfi við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Íþróttá- og tómsundaráð vegna nefndar sem þeir munu stofna.

Stýrihópur setti sér það markmið að vinna að því að sameina hugmyndir, frumkvæði, kraft og þekkingu til að draga úr einelti í grunnskólum Reykjavíkur og í félagsmiðstöðvum ÍTR. Aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni er höfð að leiðarljósi. Eitt af áfangamarkmiðum stýrihóps er að hvetja hvern skóla til að tilnefna ábyrgðarmann t.d. námsráðgjafa sem ábyrgist að upplýsingar um einelti berist milli ALLRA starfsmanna skólans.

Stýrihópur leggur afar mikla áherslu á að í foflegu vinnuferli um lausn eineltismála í grunnskólum komi fram að ALLIR starfsmenn skólanna fái tilboð um að fræðast um einelti sem nýtist í vinnu skólanna gegn einelti.

Stýrihópur leggur áherslu á að væntanlegur vinnuhópur haldi áfram að safna saman leiðbeinandi efni og upplýsingum um einelti. Þörf er á slíku efni sem nýtist starfsfólki í grunnskólum og félagsmiðstöðvum unglunga til að vinna gegn einelti.

Stýrihópur telur að fræðsla tómsundaráðgjafa ÍTR um einelti í grunnskólana hafi skilað verulegum árangri. Fræðsla af hálfu tómsundaráðgjafa standi unglungum að sumu leyti nær en ef sú fræðsla komi eingöngu frá kennurum þeirra. Í ummælum kennara kom fram að tómsundaráðgjafarnir virtust eiga auðvelt með að fá nemendur til að hlusta og tjá sig um einelti. Það er samdóma álit kennara og stýrihóps að þessi fræðsla þurfi að byrja fyrir í grunnskólanum. Í könnunum hefur komið í ljós að einelti er jafnvel verst í 3. - 6. bekkjum. Í fræðslu tómsundaráðgjafanna var mikil áhersla lögð á að undirstrika *ábyrgð þögla meirihlutans*. Fram kom að það sjónarhorn var nýtt fyrir nemendum.

Stýrihópurinn leggur ríka áherslu á að allir grunnskólar hafi virka eineltisáætlun sem starfsfólk og foreldrar þekki og vinni eftir. Nauðsynlegt sé að viðhalda námsefnisgerð og gerð handhægs efnis um einelti fyrir ALLA starfsmenn sem vinna með börnum og unglungum.

Einelti kemur fram í öllum þjóðfélagshópum og á þessum vetri má sjá vakningu hjá forsvarsmönnum fyrirtækja um að bregðast við einelti samanber átak Verslunarfélags Reykjavíkur í nóvember 2000.

Stýrihópur hefur þá trú að með fræðslu og sameiginlegum vilja geti íslenskt skólasamfélag þroskað og mótað nemendur sína til þess að vinna alltaf gegn einelti hvar sem þeir hasla sér völl í samfélaginu síðar á lífsleiðinni. Fyrsta regla er að þekkja einelti og vita hvernig á að bregðast við því.

Það er von stýrihóps að handbókin Gegn einelti, Tackling Bullying in Your School, komi kennurum að góðum notum í vinnu þeirra með bekkji sína. Það er

sterk forvörn gegn einelti að bekkjarkennarar kunni að lesa úr hegðan nemenda og viti hvernig best er að bregðast við ef einelti tekur á sig mynd.

Aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni styrkir vel áherslur í samskiptafærni, góðum samskiptum og sjálfsstyrkingu. Þær áherslur má flétta inn í allar greinar grunnskólans.

Þeir starfsmenn skólanna sem veljast til meiri ábyrgðar um að upplýsingar berist og komi aðgerðum af stað geta jafnframt verið í hlutverki miðlara um gagnleg efni.

Stýrihópur telur að fræðslu um einelti verði aldrei lokið. Afar nauðsynlegt er að halda fræðslu og umræðu vakandi bæði vegna nýrra starfsmanna sem koma til starfa og nýrra nemenda sem sífellt streyma inn í skólana á hverju ári. Formið á fræðslunni þarf að vera breytilegt og best að grunnskólarnir hafi nokkurt val. Einnig getur hver skóli að eigin frumkvæði viðhaldið fræðslu með sínum hætti.

Fræðsla frá tómsundaráðgjöfum og fræðsla frá ungu fólki hefur sýnt sig vera ein árangursrík leið meðfram starfi og fræðslu kennara og annarra starfsmanna í skólanum.

Fræðsla og aðgerðir gegn einelti í skólasamfélaginu styrkir nemendur í að vinna gegn einelti síðar á lífsskeiðinu.

Allir starfsmenn sem vinna með börnum og unglíngum geta með fræðslu lært að meta gildi upplýsinga sem þeir fá um einelti og hvernig þeir eigi að meta þær til að bregðast rétt við í aðgerðum gegn einelti í viðkvæmu uppeldisstarfi.

## Eineltisfræðsla tómsundaráðgjafa veturinn 1999-2000

Haustið 1999 var haldið námskeið á vegum ÍTR fyrir tómsundaráðgjafa til að búa þá undir að fara með fræðsluefni Vöndu Sigurgeirsdóttur, *Forvarnir gegn einelti*, inn í 8. bekk grunnskóla Reykjavíkur. Námskeiðið stóð í þrjú daga og fór þannig fram að þátttakendur fengu fyrirlestur um einelti, Vanda sýndi hvernig hún flytur fræðsluefni sitt og flutningur þátttakendanna sjálfra á efninu var tekinn upp á myndband.

Í framhaldi af námskeiðinu kynntu tómsundaráðgjafarnir eineltisfræðsluna í skólunum. Til þess að fræðsluefnið *Forvarnir gegn einelti* skili árangri er nauðsynlegt að í skólanum sé til vinnuferli til að fylgja eftir þegar einelti kemur upp. Því var óskað eftir því að eineltisferli væri til í þeim skólum sem fengu fræðsluna.

Veturinn 1999-2000 var farið með fræðsluefnið *Gegn einelti* í 20 af 24 grunnskólum í Reykjavík sem hafa 8. 9. og 10. bekk. Alls 1143 nemendur í 8. bekk fengu fræðsluna. Töluvert var um að beðið væri um fræðsluna í aðra bekk, þar með talda sérnáms- og fjölnámsdeildir, þannig að alls fengu 1565 nemendur fræðsluna.

Fræðslan fer þannig fram að tómsundaráðgjafarnir fara inn í bekkina og fræða nemendur um einelti. Um er að ræða forvarnarverkefni. Áhersla er lögð á að ná til hópsins sem horfir á og gerir ekkert *þögla meirihlutans* og styrkja þann hóp til að taka ábyrgð á því sem er að gerast í jafningjahópnum. Nemendur eru hvattir til að segja frá ef þeir vita um einhvern sem er lagður í einelti og að setja sig í spor þolenda. Fræðslan hefst á því að tómsundaráðgjafinn segir sögu um einelti úr eigin lífi til að ná athyglinni. Þá er nemendum bent á að afleiðingar eineltis geta verið mjög alvarlegar og í versta tilfalli sjálfsmorð þolandans. Einelti er skilgreint og bent er á leiðir til að vinna gegn því. Nemendurnir eru látnir svara könnun um einelti í bekknum þar sem þeir eru meðal annars spurðir hvort þeir hafi verið lagðir í einelti.

Undir lok fræðslunnar eru niðurstöður könnunarinnar gerðar kunnar og nemendurnir eru spurðir hvort þeir séu sáttir við þær. Nemendurnir eru látnir vinna í hópum við að setja sér markmið varðandi einelti í bekknum. Allir eru látnir samþykkja markmiðin. Tómsundaráðgjafarnir koma aftur í bekkina sex vikum seinna og þá er könnunin lögð fyrir aftur. Nemendum er bent á að ef þeir fara eftir markmiðunum sem þeir settu þá verði niðurstaða könnunarinnar jákvæðari. Áhersla er lögð á ábyrgð nemendanna sjálfra.

Með fræðsluefninu Gegn einelti fylgir bæklingur sem nefnist Ráð til foreldra.

Æskilegt er að hann komist beint í hendur foreldra, til dæmis í foreldraviðtölum.

Verkefni þetta er í stöðugri mótun og margar nýjar hugmyndir, sem birtast hér á eftir, komu fram hjá tómsundaráðgjöfunum sem fóru með kennsluefnið í bekkir veturinn 1999-2000. Verið er að endurskoða efnið með tilliti til eftirfarandi atriða. Í lok haustannar árið 2000 munu tómsundaráðgjafar afhenda persónulega þeim skólum sem fengu fræðslu um einelti í 8. bekkjum niðurstöður fyrir hvern skóla.

## Niðurstöður tómsundaráðgjafanna

### Það var jákvætt að:

- kynnast krökkum í 8. bekk strax að hausti meðan samskiptamynstrið er ómótað. Hópefli hefur góð áhrif á bekkjarandann
- starfsmenn félagsmiðstöðva þekki nöfn og andlit allra 8. bekkinga í sínu skólahverfi
- kennarar og aðrir starfsmenn skólanna sjái okkur í nýju ljósi
- allir starfsmenn skólans fá kynningu á verkefninu
- byrja snemma morguns þegar nemendur eru ekki þreyttir

- starfsmaður félagsmiðstöðvar hitti bekkjarkennara fyrir fræðsluna og útskýri fyrirlögn og fái upplýsingar um nemendur
- fara í leiki í byrjun til að létta andrúmsloftið
- bekkur bjó til skriflegar samskiptareglur, leynivinaleik, veggspjöld og fór í hópefli
- unglíngarnir bjuggu sjálfir til slagorð til varnar einelti
- félagsmiðstöðin getur boðið aðstoð sína við að vinna með eineltismál í bekkjum utan skólatíma með áherslu á hópefli

## Niðurstöður tómsundaráðgjafanna

### Það sem mátti betur fara var að:

- starfsmenn skólans þyrftu að sammælast um flokkun eineltismála
- vinnuferli um einelti innan skólanna þarf að vera virkara
- útbúa þyrfti sameiginlega kynningu fyrir starfsmenn skóla svo sem glærupakka
- ganga þarf frá í upphafi hvenær seinni heimsóknin á að vera
- það að setja nöfn nemenda inn í dæmin getur verið vandmeðfarið. Því er mikilvægt að tala við kennarana áður en farið er inn í bekkina og fá upplýsingar um stöðuna í bekknum
- tómsundaráðgjafinn þarf að aðlaga fræðsluna að sinni persónu og reynslu
- huga verður að áherslum um sjálfsvíg
- vera öruggari á skilaboðum til fórnarlambanna
- vera öruggari á skilaboðum sínum til gerenda
- útvega þarf fleiri reynslusögur um stráka
- endurbæta verður könnunina
- vita gjörlla hvað á að gera við svarblöðin
- er til eineltisferli í félagsmiðstöðinni? Hvernig vinnum við með eineltismál?

# Niðurstöður tómstundaráðgjafanna

## Nýjar hugmyndir:

- senda bréf með bæklingnum *Ráð til foreldra* þar sem fram kemur að unglingarnir séu að fá fræðsluna *Gegn einelti*
- skólaliðum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki skólans verði boðið að vera viðstöddum fræðsluna
- vinna markvisst með leiki og hópefli
- nota hlutverkaleiki til að unglingarnir eigi auðveldar með að setja sig í spor fórnarlamba, gerenda og áhorfenda
- umsjónarkennari fái könnunarblöðin til varðveislu
- hver hópur velji sér hópstjóra og ritara í markmiðavinnunni. Hópstjóri stendur upp og kynnir markmið hópsins
- nemendurnir hjálpi til við að skrifa á töfluna í markmiðavinnunni
- verkefni unnin í skólunum um einelti og hengd upp sem plaköt. Nemendur geta sett áherslu sína undir verkefnið með eigin fingrafari
- koma á þema um einelti í myndmenntakennslu
- í seinni heimsókninni sé farið í hópeflisleiki, fræðslan rifjuð upp, farið yfir markmiðin
- stofna klúbb í framhaldi af eineltisfræðslunni í bekkjum þar sem ástandið er slæmt
- fara í yngri bekki með staðfærða fræðslu. Spurningar um hver það er sem á að fræða yngri nemendurna

## Eineltisáætlanir í skólum

Í starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur fyrir árið 2001 kemur fram í kafla um forvarnir að á árinu 2001 verði allir skólar komnir með áfallateymi og áætlanir um viðbrögð við einelti, móttöku nýrra nemenda og viðbrögð við slysum.

Í skólanámskrám skólanna kemur fram hvort áætlanir gegn einelti eða drög að ferli gegn einelti séu til í skólunum.

Í mars 2000 sendi stýrihópurinn öllum grunnskólum Reykjavíkur leiðbeiningar til að auðvelda þeim að gera sína eineltisáætlanir. Upplýsingar og sýnishorn af góðri vinnu frá einum skóla voru sendar skólum til viðmiðunar. Það er

mælanlegt að margir skólar nýttu sér þessi viðmiðunargögn til að gera eigin áætlanir. Það kemur fram í góðum samhljómi bæði í áherslum og aðgerðaráætlunum skólanna.

Sumarið 2000 framkvæmdi stýrihópur óformlega símakönnun í öllum grunnskólum Reykjavíkur og kannaði stöðu eineltisáætlaða í hverjum skóla fyrir sig. Haustið 2000 voru allar skólanámskrár grunnskóla Reykjavíkur lesnar yfir af kennsluráðgjöfum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Samkvæmt þeim yfirlestri eru nú allir grunnskólar í Reykjavík ýmist komnir með fullmótaðar áætlanir eða drög utan 9 skólar sem eiga eftir að formgera sínar áætlanir.

Þeir 9 skólar sem eiga eftir að setja eineltisáætlanir í sínar skólanámskrár eru allir með þá vinnu í undirbúningi.

Nokkur breytileiki er á útfærslum skólanna. Til eru frábærlega framsettar og ítarlegar áætlanir sem eru bæði fræðslumiðaðar og með öryggisventli sem tryggir að allir starfsmenn skólans þekki þegar einelti á sér stað. Sumir skólar hafa eineltisteymi, aðrir skólar undirstrika ábyrgð námsráðgjafans eða umsjónarkennarans fyrir því að gripið sé til aðgerða þegar þess er þörf. Í einum skóla eru til dæmis kannanir lagðar fyrir tvisvar á skólaárinu til að vera vinnugögn fyrir umsjónarkennarana.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur boðið skólum að fá námskeið um einelti og eru þau fullbúkuð fyrir yfirstandandi skólaár. Einnig er vitað að margir skólar hafa verið með umfjöllun innan sinna veggja um einelti. Í stefnu margra skóla kemur fram að einelti sé ekki liðið innan skólans. En lykill að því að áætlanir í einelti skili tilætluðum árangri er að allir starfsmenn skólans þekki þær og hafi komið inn í mótunarferlið.

Af ofangreindu má sjá að mikil vinna hefur farið fram í grunnskólum Reykjavíkur til að ramma inn aðgerðaráætlanir, byggja upp samræmd viðbrögð og ekki síst fræðast og efla fræðslu meðal starfsmanna skólanna um einelti.

Margir skólar hafa sett sínar áætlanir á heimasíður sínar og eru foreldrar hvattir til að skoða þær. Með tilkomu Skólatorgsins geta allir skólar eignast sitt heimasvæði og síðu til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra og annarra. En Skólatorgið er hugsað sem samskiptatæki milli heimila og skóla og auðveldar foreldrum til mikilla muna að kynna sér starfsemina í skólum barna sinna.

## Gagnlegt efni um einelti

Hér er lauslegt yfirlit yfir það efni sem til er um einelti en ekki endanlegur listi. Vert er að benda á ógrynni upplýsinga á vefnum. Leitarorð eru t.d. Einelti, Bullying, Mobbing. Einnig er hægt er að nálgast fjölda náms- og lokaritgerða hjá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

### Fræðsluefni á íslensku

Guðjón Ólafsson (1996). *Einelti*. Ritröð uppeldis og menntunar.

Heimili og skóli (2000). *Einelti, góð ráð til foreldra*. Bæklingur ætlaður foreldrum, kostaður af Hagkaup.

Mappa Íþrótt- og tómstundaráðs og Æskunnar, Unglingastarf – Fræðsluefni handa tómstundaráðgjöfum: Gegn einelti:

Árni Árnason (Ritstj.) (1999). *Tekist á við einelti*.

Vanda Sigurgeirsdóttir (1999). *Forvarnir gegn einelti*.

Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum*. Niðurstöður rannsóknar sem unnin var af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála fyrir Menntamálaráðuneytið (óbirt skýrsla) Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.

Sharp, S. og Smith, P. K. (1994) *Gegn einelti – handbók fyrir skóla*. Þýðandi: Ingibjörg Markúsdóttir. Æskan.

Umboðsmaður barna (1998). *Einelti kemur öllum við*. Skýrsla um ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti sem haldin var 17. október 1998.

## Sýnishorn af námsefni sem til er á Námsgagnastofnun

Í sátt og samlyndi (Lions Quest).

Að ná tökum á tilverunni (Lions Quest).

Samvera (Sigrún Aðalbjarnardóttir).

Skyggunmyndir, tvær möppur og verkefnabók:

- Er ekki allt í lagi

- Lítum á samskipti

Myndband, Saga Dóra

## Annað

Titringur (1999). Myndbandþjónusta Sjónvarpsins.

## Skáldsögur

Ljóti andarunginn eftir H.C. Andersen

Gúmmí-Tarsan eftir Ole-Lund Kirkegaard

Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren

Sannleikann eða áhættuna eftir Annika Thor

Flugnahöfðingjann eftir William Golding

Leikur á borði eftir Ragnheiði Gestsdóttur

Saklausir sólardagar eftir Valgeir Skagfjörð

## Ýmsar greinar úr íslenskum tímaritum

Guðjón Ólafsson (1995) Allir eiga rétt á að fá að vera í friði fyrir árásum og áníðslu annarra.

*Glæður, fagtímarit F.Í.S.*, 5. árg., 2. tbl., s. 45-52.

Arnheiður Borg (1995). Einelti og félagsleg vandamáli í skólum. *Glæður, fagtímarit F.Í.S.*, 5. árg., 2. tbl., s. 53-55.

Brynjófur G. Brynjólfsson (1993). Einelti og viðbrögð foreldra við því. *Heimili og skóli*, 1. árg., 1. tbl., s. 20-22.

Guðbjörg S. Finnsdóttir (1996). Framsækin útivistarstefna í Smáraskóla. *Íþróttamál*, 21. árg., 3. tbl., s. 17-22.

Gunnar Salvarsson (1995). Öskubuska bjargaði barnæsku minni. Viðtal við Pál Óskar Hjálmtýsson. *Glæður, fagtímarit F.Í.S.*, 5. árg., 2. tbl., s. 56-58.

# Niðurstöður stýrihóps

Það er samdóma álit stýrihóps að stöðug umræða og fræðsla þurfi að vera fastur liður í grunnskólum. Í grunnskólanum öðlast nemendur félagslega færni. Grunnskólinn þarf að ala nemendur upp gegn einelti og hver skóli þarf að taka sér þá uppeldislegu ábyrgð. En til að koma til móts við þessa skyldu skólanna þarf tvennt að koma til.

- 1) Starfsmönnum grunnskólanna þarf að standa til boða fræðsla á hverju skólaári.
- 2) Grunnskólanemendum þarf að standa til boða fræðsla á hverju skólaári
- 3) Leggja ber áherslu á ábyrgð þögla meirihlutans

Styrkleiki verkefnisins Gegn einelti hefur einkum falist í samstarfi félagsmiðstöðva við grunnskólana. Það er mat stýrihópsins að því fleiri sem koma að því að fræða nemendur og kennara því betri árangur náist. Samstarf félagsmiðstöðva og grunnskóla um einelti gefur möguleika á sífældri endurnýjun í fræðslu og nýbreytni í aðferðum.

Stýrihópur telur að grunnskólar í Reykjavík séu nú betur í stakk búnir að vinna gegn einelti þar sem eineltisáætlanir eru nú orðnar virkar í flestum skólum og mikil fræðsla hefur farið fram.

Heimildaskrá í skýrslunni er til þess fallin að styrkja skóla betur vegna efnisöflunar þó stöðugt verði að endurbæta hana.

Stýrihópur telur það afar brýnt að fræðsla um einelti verði í námi kennaranema. En í svari frá Kennaraháskóla Íslands til stýrihóps kom fram að skólastjórnin myndi dreifa upplýsingum frá stýrihópi til hlutaðeigandi kennara.

Einnig telur stýrihópur að handbókin Gegn einelti komi til móts við brýna þörf fyrir að upplýsa og aðstoða kennara í sínu mikilvæga uppeldis- og umsjónarstarfi.

Stýrihópur telur framtak Heimilis og skóla til fyrirmyndar í útgáfu bæklinga um einelti og mun sá bæklingur koma að verulega góðum notum.

Stýrihópur mun senda öllum grunnskólum Reykjavíkur merkið Gegn einelti þannig að þeir geti nýtt sér það í bekkjarstarfi og verkefnum sem tengjast einelti.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur lýsa sig reiðubúin til að bjóða áfram fræðslu um einelti til starfsmanna skóla annars vegar og nemenda hins vegar.